



Skagafjörður

Fjárhagsáætlun 2017

Greinargerð sveitarstjóra lögð fram við síðari umræðu í sveitarstjórn miðvikudaginn 14. desember 2016.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2017 er hér lögð fram til seinni umræðu. Fjárhagsáætlunin sýnir rekstraráætlun, áætlaðan efnahagsreikning og sjóðsstreymi fyrir sveitarfélagið og stofnanir þess. Grunnur að allri þessari vinnu er að sýna aðhald og hagkvæmni í rekstri samhliða því að standa vörð um þá þjónustu sem veitt er.

Fjárhagsáætlunin samanstendur af upplýsingum um A-hluta sveitarsjóðs og samantekinn A- og B-hluta. Í A-hluta er aðalsjóður auk eignasjóða. Í B-hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir og Tímatákn ehf. Helstu niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2017 eru þær að A- og B-hluti saman, eða samstæðan í heild sinni, skila rekstrarafgangi upp á 79 m.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað 394 m.kr.

Mikil aðhaldssemi hefur verið viðhöfð í rekstri sveitarfélagsins síðustu misseri og dregið hefur úr útgjöldum til ýmissa rekstrarþátta. Lögð hefur verið áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu sveitarfélagsins jafnframt því að aðhalds hefur vissulega verið gætt. Aðhald verður áfram í rekstri sveitarfélagsins á komandi árum og áfram verður leitað hagræðingartækifæra. Ávallt verður þó haft að markmiði að gæta jafnvægis í þjónustu sveitarfélagsins.

Fagnefndir sveitarfélagsins ásamt byggðarráði og starfsmönnum unnu mikið starf í undirbúningi þessarar fjárhagsáætlunar og skoðuðu alla fjárhagslega þætti í rekstri sveitarfélagsins. Halda þarf þeirri vinnu áfram og greina enn frekar rekstur einstakra þátta og ákveða þjónustustig sveitarfélagsins til framtíðar. Mikilvægt er að samvinna verði áfram eins og verið hefur meðal allra sem málið snertir, í þeirri viðleitni að ná fram þeim markmiðum sem eru sett í áætluninni. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir afgangi á rekstri samstæðunnar en tapi á rekstri A –hluta, en slíkt er ekki ásættanlegt til lengri tíma litið.

Helstu forsendur áætlunar:

Forsendur fjárhagsáætlunar Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2017 og þriggja ára áætlunar 2018-2020 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Gert er ráð fyrir að meðalverðbólga á árinu 2017 verði **3,9 %** og að launavísitala verði **6,3%**. Er það í takt við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Þá er einnig stuðst við áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga um áætlaða staðgreiðslu fyrir tekjuárið 2017. Reiknað er með óbreyttu atvinnustigi. Miðað er við að útsvarshlutfall fyrir árið 2017 verði óbreytt á milli ára, þ.e. 14,48% af útsvarsstofni, að viðbættri hækkun sem kveðið er á um í lögum um tekjustofna sveitarfélaga á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.



Gert er ráð fyrir að tekjur frá Jöfnunarsjóði verði samkvæmt áætlun hans, en skerðing var á framlögum frá Jöfnunarsjóði á árum áður sem ekki hefur enn náðst að jafna.

Samþykkt var að fasteignaskattsprósentur breytist ekki á milli ára.

Gert er ráð fyrir gjaldskrárhækkunum heilt yfir hjá stofnunum sveitarfélagsins sem taka fyrst og fremst mið af kjarasamningshækkunum launa.

Tafla 1. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2016–2021 (Ágúst 2016)

Hlutfallsleg magnbreyting milli ára, þ.e. umfram verðhækkanir, nema annað sé tekið fram.

	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Einkaneysla	6,0	4,8	5,6	2,9	2,7	2,5
Samneysla	1,1	1,0	1,5	1,8	1,8	1,6
Fjármunamyndun	16,0	6,4	1,9	3,0	3,9	4,0
Atvinnuvegafjárfesting	21,4	4,6	-1,2	0,5	3,4	3,8
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	11,1	18,1	16,2	9,0	6,0	5,7
Fjárfesting hins opinbera	-0,5	4,7	3,1	8,8	3,7	2,5
Þjóðarútgjöld, alls	6,6	4,2	2,7	2,6	2,7	2,6
Útflutningur vöru og þjónustu	6,9	3,8	3,6	3,6	2,8	2,7
Innflutningur vöru og þjónustu	11,9	5,4	3,2	3,3	2,7	2,5
Verg landsframléiðsla	4,3	3,5	2,9	2,8	2,7	2,7
Vöru- og þjónustujöfnuður, % af VLF	5,5	4,6	4,7	4,8	4,8	5,0
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	3,8	2,6	2,9	2,8	2,6	2,7
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	3,4	3,4	3,6	3,7	3,8	3,9
Vísitala neysluverðs (verðbólga)	2,2	3,9	3,5	2,8	2,6	2,5
Gengisvísitala	-6,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Raugengi	7,5	2,1	1,6	0,8	0,5	0,4
Launavísitala	11,1	6,3	5,8	5,3	4,5	4,3
Alþjóðlegur hagvöxtur	1,7	2,0	2,0	2,0	2,0	2,0
Alþjóðleg verðbólga	1,2	1,6	1,9	2,0	2,0	2,0

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.

Áætlunin er unnin með hliðsjón af fjármálareglum og fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga sem sett voru í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og með síðari breytingum, en þau tóku gildi í upphafi árs 2012. Í 64.gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Til að fullnægja þessari skyldu er sveitarfélögum gert að fylgja eftirfarandi fjármálareglum:

- 1) **Jafnvægisregla:** Samanlögð heildarútgjöld samstæðu séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
- 2) **Skuldaregla:** Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60.gr. megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Við útreikning á




Skagafjörður

skuldahlutfalli má nú undanskilja tekjur og skuldbindingar veitu- og orkufyrirtækja sem og að heimilt er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindingar.

Hjá Sveitarfélaginu Skagafirði er skuldahlutfall heildarskulda og skuldbindinga áætlað 128% á árinu 2017 sem er lækkun frá árinu 2016. Þegar búið er að undanskilja það sem heimilt er frá skuldum og skuldbindingum er skuldaviðmiðið 108%.

	Áætlun 2017	A og B hluti		Áætlun 2020
		Áætlun 2018	Áætlun 2019	
Tekjur:				
Skatttekjur	2.337.960	2.448.621	2.577.249	2.687.760
Framlög jöfnunarsjóðs	1.145.890	1.184.850	1.219.211	1.250.910
Aðrar tekjur	1.372.523	1.358.182	1.397.569	1.433.906
Heildartekjur	4.856.373	4.991.653	5.194.029	5.372.577
Skuldir og skuldbindingar:				
Skuldir og skuldbindingar	6.237.569	6.364.757	6.479.693	6.665.919
Lífeyrisskuldbinding	1.147.976	1.197.976	1.246.976	1.295.976
Skuldahlutfall:	128%	127%	125%	124%





Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir árið 2017

Rekstur:

Áætlun ársins gerir ráð fyrir að rekstrartekjur Sveitarfélagsins Skagafjarðar nemi **4.856 m.kr.** hjá samstæðunni í heild, A- og B-hluta, þar af eru rekstrartekjur A hluta áætlaðar **4.271 m.kr.** Rekstrargjöld án fjármagnsliða eru áætluð **4.478 m.kr.**, þar af A-hluti **4.091 m.kr.** Rekstrarhagnaður A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er **580 m.kr.** Afskriftir nema **201 m.kr.** og fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **299 m.kr.** Rekstrarafgangur samstæðunnar í heild A- og B-hluta er áætlaður samtals **79 m.kr.**

Rekstrarhagnaður A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er áætlaður **292 m.kr.** Afskriftir nema **111 m.kr.** Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **229 m.kr.** Rekstrarniðurstaða A-hluta sveitarsjóðs er því áætluð neikvæð um **48 m.kr.**

Efnahagur:

Eignir Sveitarfélagsins Skagafjarðar eru áætlaðar í árslok 2017, **8.080 m.kr.**, þar af eru eignir A-hluta **6.654 m.kr.** Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar í árslok **6.238 m.kr.** Þar af hjá A-hluta **5.773 m.kr.** Eigið fé er áætlað **1.842 m.kr.** hjá samstæðunni og eiginfjárlutfall **0,23.** Eigið fé A-hluta er áætlað **881 m.kr.** og eiginfjárlutfall **0,15.** Ný lántaka er áætluð **530 m.kr.** hjá samstæðunni í heild og afborganir eldri lána og skuldbindinga verða um **457 m.kr.** Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar eru **1.148 m.kr.** hjá samstæðu og þar af **1.053 m.kr.** hjá A-hluta.

Sjóðsstreymisyfirlit:

Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri A-hluta verði um **170 m.kr.** Veltufé frá rekstri samstæðunnar A- og B-hluta verði samtals **394 m.kr.** Þá er gert er ráð fyrir að handbært fé samstæðunnar í árslok verði **143 m.kr.**


Þrátt fyrir að aðhalds sé gætt í rekstri þá er gert ráð fyrir að sveitarsjóður og undirfyrirtæki fjárfesti á árinu 2017 fyrir **442 m.kr.**, sem er afar mikilvægt fyrir samfélagið í heild sinni. Stærsta fjárfestingaverkefnið á næsta ári er endurbætur á Sundlaug Sauðárkróks.

Þróun tekna.


Undanfarin ár hafa tekjur hjá sveitarfélaginu ekki haldið í við verðlagshækkunar á öllu leiti og liggur það fyrst og fremst í lækkuðum framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árum áður og má segja að tekjugrundvöllur sveitarfélagsins sé ekki sá sami og var. Skatttekjur hafa aftur á móti haldið nokkuð í við verðlag.



Skatttekjur 2011 – 2017



Framlög Jöfnunarsjóðs 2011 - 2017





Almenn útgjöld.

Launakostnaður

Launakostnaður nemur samtals 2.941 m.kr og er það um 22,4% hækkun frá árinu 2015. Talsverð óvissa er í kjar- og lífeyrismálum sem geta haft áhrif á rekstrarreikning A-hluta. Þann 19. september sl. var undirritað samkomulag milli opinberra vinnuveitenda og heildarsamtaka opinberra starfsmanna um að taka upp aldurstengt og sjálfbært lífeyriskerfi hjá A-deild Brúar (LSS) með gildistöku 1.janúar 2017. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að ríki og sveitarfélög leggi A-deild LSR og A-deild Brúar til umtalsverða fjármuni til uppgjörs á úppgerðum framtíðarskuldbindingum vegna núverandi sjóðfélaga. Þegar kom til kasta Alþingis að breyta lögum um LSR í samræmi við framangreint samkomulag lýstu ýmis stéttarfélög opinberra starfsmanna fullri andstöðu við samkomulagið og lagafrumvarpið. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu Alþingis fyrir þinglok. Komi til þess að samkomulagið verði ekki virkjað fyrir lok þessa árs verður nauðsynlegt að hækka lífeyrisiðgjöld hjá sveitarfélaginu um 4,8% í A-deild Brúar og 3,6% í A-deild LSR í ljósi tryggingafærðilegs halla á heildarskuldbindingum sjóðanna. Áhrif hækkunar iðgjalda á launakostnað sveitarfélagsins eru metin á um 60 m.kr. á ársgrundvelli og í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir þessari útgjaldahækkun. Þá er þess að geta að einn kjarasamningur sem samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga gerir f.h. Sveitarfélagsins Skagafjarðar er laus, en það er við Félag tónlistarskólakennara. Í þessari fjárhagsáætlun er því einnig gert ráð fyrir um 30 m.kr. til að mæta þeim kjarasamningshækkunum og öðrum óvæntum útgjöldum.

Rekstur málaflokka:

Eins og áður taka fræðslu- og uppeldismálin til sín stærstan hluta skatttekna í áætlun ársins. Málaflokkurinn tekur til sín lægra hlutfall í ár eða **50,9%**, en var með **57,7%** í áætlun ársins 2016. Má segja að vegna þeirra hagræðingaraðgerða sem ráðist var í, m.a. vegna lækkandi tekna sveitarsjóðs, hafi tekist að ná málaflokknum niður og hann því farinn að taka til sín lægra hlutfall skatttekna en áður þar sem árið 2011 fóru **61,8%** af skatttekjum sveitarfélagsins til málaflokksins. Hluttur annarra málaflokka er svipað hlutfall af skatttekjum og verið hefur undanfarin ár. Æskulýðs- og íþróttamál eru með **9,9%** af skatttekjum og sameiginlegur kostnaður með **6,3%** af skatttekjum.

Hlutfall félagsþjónustu eykst töluvert á milli ára og er skýringin á því sú að sveitarstjórnir Akrahrepps, Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Húnaþings vestra, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar hafa gert með sér samning um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk. Á þjónustusvæðinu er Sveitarfélagið Skagafjörður leiðandi sveitarfélag sem veitir fötluðu fólki, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, þjónustu eins og nánar er kveðið um í samningi og samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum, á starfssvæðinu. Við þessa breytingu renna allar tekjur frá Jöfnunarsjóði sem ætlaðar eru til þessa málaflokks sem og 0,25% af útsvarstofni sveitarfélaga til Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Í fjárhagsáætlun ársins 2017 er ekki gert ráð fyrir að tekjur frá ríki og sveitarfélögum dekki allan kostnað við samninginn sem aftur leiðir til þess að útgjöld við málaflokkinn hækka.



Skagafjörður

Rekstur málaflokka					
Aðalsjóður:					
	Tekjur	Launaliðir	Aðrir liðir	Samtals	
Skatttekjur	-3.548.880			-3.548.880	
Félagsþjónusta	-137.038	520.615	214.761	598.338	16,9%
Heilbrigðismál			7.600	7.600	0,2%
Fræðslu- og uppeldismál	-274.440	1.461.466	620.040	1.807.066	50,9%
Menningarmál	-83.619	106.434	138.783	161.598	4,6%
Æskulýðs- og íþróttamál	-110.629	193.299	268.386	351.056	9,9%
Brunamál og almannavarnir	-39.724	71.295	37.605	69.176	1,9%
Hreinlætismál	-66.443		104.654	38.211	1,1%
Skipulags- og byggingamál	-19.900	40.289	34.790	55.179	1,6%
Umferðar- og samgöngumál	0	532	91.579	92.111	2,6%
Umhverfismál	-2.012	43.425	39.007	80.420	2,3%
Atvinnumál	-32.537	21.017	83.411	71.891	2,0%
Sameiginlegur kostnaður	-29.329	159.490	92.376	222.537	6,3%
Lífeyrisskuldbinding		90.000		90.000	2,5%
Óvenjurlegir liðir		30.000		30.000	0,8%
Fjármagnsliðir			19.103	19.103	0,5%
	-4.344.551	2.737.862	1.752.095	145.406	
Aðrir sjóðir í A-hluta:					
	Tekjur	Launaliðir	Aðrir liðir		
Eignasjóður	-693.295	59.081	537.293	-96.921	
Millifærslur	766.737		-766.737		
	73.442	59.081	-229.444	-96.921	
Sveitarsjóður A-hluti	-4.271.109	2.796.943	1.522.651	48.485	1,4%
Sjóðir í B-hluta					
	Tekjur	Launaliðir	Aðrir liðir		
Félagsíbúðir Skagafjarðar	-74.724		63.080	-11.644	
Fráveita	-98.644	12.230	32.428	-53.986	
Hafnarsjóður Skagafjarðar	-100.061	25.474	49.319	-25.268	
Tímatákn ehf.	-1.145		1.293	148	
Hitaveita	-383.077	106.800	265.254	-11.023	
Vatnsveita	-83.365	0	56.576	-26.789	
Sjóveita	-1.860	0	2.738	878	
Millifærslur	157.611		-157.611	0	
Samtals B-hluti	-585.265	144.504	313.077	-127.684	
Samantekið A + B hluti	-4.856.374	2.941.447	1.835.728	-79.199	



Próun málaflokka sem hlutfall af skatttekjum:

Málaflokkar	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Félagsmál	6,0%	4,8%	5,2%	4,0%	5,3%	5,4%	5,6%	6,1%	6,40%	6,60%	6,7%	6,8%	7,0%	16,9%
Heilbr.mál	0,7%	0,6%	0,6%	0,5%	0,5%	0,6%	0,6%	0,6%	0,60%	0,00%	0,0%	0,0%	0,2%	0,2%
Fræðslumál	56,8%	58,7%	56,9%	51,6%	53,0%	58,1%	57,9%	61,8%	61,60%	57,50%	55,2%	57,0%	57,7%	50,9%
Menn.mál	5,3%	5,1%	5,0%	4,6%	4,9%	5,2%	5,5%	5,4%	5,60%	5,60%	5,2%	5,7%	5,1%	4,6%
Æskul og íþrm	14,0%	13,6%	13,4%	11,1%	11,3%	12,5%	12,4%	12,2%	12,10%	11,40%	11,8%	11,3%	11,4%	9,9%
Brunamál	2,1%	3,0%	1,6%	2,1%	2,1%	2,4%	2,4%	2,3%	2,80%	2,60%	2,3%	2,3%	2,5%	1,9%
Hreinl.mál	1,3%	0,7%	1,4%	1,0%	0,8%	0,9%	1,1%	1,1%	1,30%	1,60%	1,9%	1,7%	1,3%	1,1%
Skipul.mál	2,1%	2,2%	1,8%	1,7%	3,0%	2,4%	2,0%	2,1%	1,90%	2,00%	1,8%	1,7%	1,6%	1,6%
Umf. og samg.mál	2,7%	3,0%	3,2%	2,9%	2,6%	3,0%	2,8%	2,5%	2,50%	2,50%	2,6%	2,8%	2,8%	2,6%
Umhv.mál	2,5%	2,5%	2,2%	2,1%	2,3%	2,9%	2,4%	2,5%	2,50%	2,40%	2,5%	2,6%	2,7%	2,3%
Atvinnumál	3,7%	2,0%	2,3%	1,9%	1,7%	2,2%	2,1%	1,8%	2,20%	1,90%	1,9%	2,1%	2,3%	2,0%
Sam.kostnaður	10,9%	13,9%	13,3%	9,3%	11,1%	10,1%	8,8%	7,7%	9,40%	8,60%	9,2%	7,7%	8,0%	6,3%

Fjárfestingar og framkvæmdir.

Áætlað er að fara í nýframkvæmdir á árinu 2017 fyrir 442 m.kr. Skiptast þær þannig að áætlað er að framkvæmt verði hjá eignasjóði fyrir 344 m.kr, hafnarsjóði fyrir 2,5 m.kr og hjá veitum fyrir 95,5 m.kr.

Fjárfestingar og framkvæmdir:	
Eignasjóður	343.800
Fráveita	11.000
Hafnarsjóður	2.500
Skagafjarðarveitur	84.500
Fjárfestingar og framkvæmdir alls	441.800

Auk fyrrgreindra fjárfestinga er gert er ráð fyrir að verja rekstrarmegin um **79,6 m.kr** í viðhald eigna Eignasjóðs.

Greinargerð þessi er sett fram til glöggvunar við yfirferð fjárhagsáætlunar. Ég vil í lok hennar færa samstarfsfólki mínu og þá sér í lagi sviðsstjóra fjármála -og stjórnsýslusviðs, ásamt sviðsstjórum, öðrum starfsmönnum, kjörnum fulltrúum, fagnefndum og byggðarráði, þakkir fyrir gott samstarf við þá vinnu sem að baki er, sem hefur lagt grunninn að fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar næstu árin.

Sauðárkróki 14. desember 2016

Ásta Björg Pálmadóttir
Sveitarstjóri